

# Skólaráðsfundur 11. 1. 2023

Mættir: Þuríður Óttarsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir, Erna Þórey Jónsdóttir, Fiona Oliver, Líney Sigurðardóttir og Jóhanna Þorkelsdóttir  
Ritari fundargerðar Vala Nönn Gautsdóttir

1. Starfsáætlun samþykkt
2. Þuríður sagði frá fjárhagsstöðu skólans sem er frekar góð. Hún kynnti líka fjárhagsáætlun næsta árs sem unnin er eftir Eddu líkani í annað skipti. Við höfum verið yfir í rekstrarliðnum og undir í launaliðnum og er ætlunin að nýta það og auka við stöðuhlutföll í skólanum á vorönninni. Stöðuhlutfall deildarstjóra stoðþjónustu hækkar um 10%, við bætum við 50% verkefnastjóra í Núllinu og 50% aukning á stöðuhlutfalli í stærðfræði.
3. Gildi Víkurskóla kynnt. Þau eru *fjölbreytileiki, frumkvæði og fagmennska*. Kom upp hugmynd að bæta við námi í textann um fagmennskuna.
4. Merki skólans kynnt. Ásrún Ágústsdóttir kennari á heiðurinn af því.
5. Þuríður kynnir Núllið sem er styðjandi og uppbyggjandi úrræði fyrir nemendur Víkurskóla sem þurfa að efla sjálfsmynd sína, ná innri slökun og byggja sig almennt upp í að verða sterkari einstaklingar með trú á eigin getu. Núllið er snemmtæk íhlutun í anda farsældarlaganna með það að markmiði að ná til barnsins áður en vandinn hefur alvarleg áhrif á almenna líðan og skólagöngu þess. Núllið hóf störf nú í janúar 2023 og starfar til aprílloka. Skýrsla/greinargerð um verkefnið mun liggja fyrir 20. júní 2023. Sótt verður um styrk til Sprotasjóðs vegna þessa tilraunaverkefnis. Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir er verkefnastjóri í Núllinu.
6. Sagt frá þremur dönskum kennaranemum semverða í skólanum í átta vikur í íþróttum og náttúrufræði.
7. Opin hús verða 15. og 16. febrúar
8. Umræður um lesfimiprófin, kosti og galla. Kostur að nemendur geta fylgst með eigin framförum ekki endilega vera að bera saman við viðmið eða landið allt. Það hefur komið fram óánægja hjá kennurum aðallega með fyrirlögnina, spurning hvort það er hægt að breyta henni. Það þarf að ná ákveðnum hraða til að geta lesið til gagns. Prófin gefa vísbendingu um lestrarhæfni. Með prófunum erum við að kanna stöðuna á lestrarhraða hjá okkur og hvað við þurfum að gera til að bæta úr ef þörf krefur. Það er spurning hvort þetta getur verið valkvætt en ef þetta er gagnlegur mælikvarði er ekki gott að hafa þetta valkvætt. Taka út rauðu línuna og breyta fyrirlögninni. Er spurning hvort þetta er samanburðarhæft þegar það eru svona margir mismunandi kennarar sem leggja prófin fyrir.
9. Sagt frá Öskudagsráðstefnunni sem er á skertum degi hjá okkur. Mjög flott dagskrá aðalfyrirlesarinn er Natalie Croome og er spurning hvort við bjóðum okkar kennurum að taka skertan dag síðar.
10. Önnur mál:
  1. Rætt um tillögu frá foreldrum um að tilnefna skólann til Hvatningarverðlaunanna - verður útfært nánar.

Fundi slitið kl. 9:15